

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/2003 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004.

Á árinu 2004 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2003 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2003 til desember 2003. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2003 og skal vera 5% af tekjuskattstofni umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og 8.178.900 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hefur orðið hjá honum milli árana 2002 og 2003. Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004:

1. gr.

Telji skattaðili að tekjur hans muni lækka verulega á árinu 2003 frá því sem var á árinu 2002 getur hann sent skattstjóra rökstudda umsókn, studda nauðsynlegum gögnum, þar sem óskað er eftir lækkun á fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004. Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2003.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákveðna fyrirframgreiðsla ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærri en hún yrði miðað við rökstudda áætlun um tekjur ársins 2003.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá því umsókn barst honum. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. júní 2003.

Indriði H. Porláksson ríkisskattstjóri.